

11. gr.

89

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari renna í sérstakan sjóð, er nefnist Bryggjusjóður Grafarness við Grundarfjörð. Er hann undir umsjón hreppsnefndar Eyrarsveitar, en í vörzlum oddvita, og ber honum að sjá um, að fé sjóðsins sé ávaxtað á tryggilegan hátt, en féð má ekki nota til annars en til viðhalds og endurbóta bryggjunnar og tækja hennar eftir ákvörðun hreppsnefndar og með samþykki sýslumanns. Sjóðurinn skal ætíð vera handbær til afnota í þarfir bryggjunnar.

7. ágúst

Reikningur bryggjusjóðs skal endurskoðaður og úrskurðaður á sama hátt og reikningur hreppssjóðs. Afrit af reikningnum skal senda atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

12. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 100 kr., og fer með mál út af þeim sem almenn lögglumál. Sektir renna í bryggjusjóð.

Reglugerð þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917 til þess að öðlast gildi 15. ágúst þ. á, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. ágúst 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

REGLUGERÐ

90

um sölu og útflutning á léttverkaðri saltsíld.

8. ágúst

Samkvæmt bráðabirgðalögum 31. júlí 1934, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ihlutunar um sölu og útflutning á léttverkaðri saltsíld, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Skylt er hverjum þeim, sem óskar að selja eða flytja til útlanda léttverkaða saltsíld af framleiðslu ársins 1934, svo sem hún er skilgreind í 1. gr. téðra bráðabirgðalaga, að snúa sér þegar í því efni til stjórnar Samlags íslenskra matjesíldarframleiðenda á Siglufirði, sem með heimild í 2. gr. laganna er skipuð sem nefnd til þess að starfa sem sölumiðstöð fyrir alla léttverkaða saltsíld, sem seld er til útlanda og til þess að sjá um úthlutun útflutningsleyfa (framleiðsluleyfa). Má engin sala á slíkri síld fara fram nema fyrir milligöngu téðrar nefndar og samkvæmt útflutningsleyfum, sem hún veitir.

90

8. ágúst

2. gr.

Nefndin skal starfa með það fyrir augum að tryggja hagsmuni bæði framleiðenda og kaupenda í markaðslöndunum, með því að halda útfluttri léttverkaðri saltsild í eðlilegu verði, miðað við framleiðslukostnað og kaupgetu í neyzlulöndunum, sem og að koma í veg fyrir óeðlilegar verðsveiflur á nefndri vöru, svo að innflytjendur í viðskiptalöndunum geti keypt vöruna ákveðnu verði, án þess að eiga á hættu óeðlileg undirboð.

Nefndin skal, eftir því sem við verður komið, leiðbeina framleiðendum um það að takmarka framleiðslu léttverkaðrar saltsildar í samræmi við sölumöguleika og söluhorfur.

3. gr.

Við sölu og úthlutun útflutningsleyfa (framleiðsluleyfa), skal nefndin láta sildarútgerðarmenn og sildarframleiðendur hér á landi, sem eru utan Samlags íslenzkra matjessildarframleiðenda, njóta jafnréttis við samlagsmenn um framleiðslu og sölu léttverkaðrar saltsildar, og sé í því sambandi tekið tillit til fyrri framleiðslu og veiði- og verkunaraðstöðu á yfirstandandi síldveiðatímabili að svo miklu leyti, sem því verður við komið.

4. gr.

Nefndin getur sett þær takmarkanir og þau skilyrði fyrir veitingu útflutningsleyfa (framleiðsluleyfa) og sölu úr landi, sem henni þykir þurfa vegna markaðarins í viðskiptalöndunum, og til þess að tryggja að útflutaingurinn komi sem jafnast niður, en taka skal hún tillit til eldri viðskiptasambanda og fyrirfram gerðra samninga, að svo miklu leyti sem slíkt er unnt án þess að spilla fyrir útflutnings- eða sölumöguleikum eða verði eða mismuna útflytjendum. Meðal annars getur nefndin sett það skilyrði fyrir útflutningi, að framleiðendur hliti ákvæðum, sem hún setur um jafnaðarverð á síld, sömu tegundar og sömu gæða.

5. gr.

Nefndin setur reglur um merkingu síldar frá hverjum einstökum framleiðanda og er það skilyrði fyrir útflutningsleyfi, að fylgt sé reglum hennar um það efni. Veiting útflutningsleyfis innifelur það í sér, að framleiðandi ber ábyrgð á þeirri síld, sem hann selur fyrir milligöngu nefndarinnar og verði um skaðabótaskyldu að ræða til kaupanda vegna skemmda á síldinni eða af öðrum ástæðum, á kaupandi aðgang að framleiðanda um bætur, sem seljanda.

6. gr.

Heimilt er nefndinni að halda eftir allt að 4% af fob-verði síldar, er hún selur fyrir utansamlagsmenn til að standast kostnað af starfsemi nefndarinnar þeirra vegna. Ef ástæður leyfa, má nefndin verja einhverjum hluta þessarar fjárhæðar til að greiða bætur, sem á kunna að falla út af síldarsölu utansamlagsmanna af ástæðum, sem þeim verður ekki gefin sök á. Verði afgangur af þessu fé að starfs-

tíma nefndarinnar loknum, þegar allur kostnaður af starfi hennar hefir verið greiddur, skal skipta honum mill þeirra utansamlagsmanna, sem selt hafa síld fyrir milligöngu nefndarinnar í réttu hlutfalli við andvirði þeirrar síldar, er þeir þannig hafa selt. 8. ágúst

Öll sala fyrir utansamlagsmenn og útflutningsleyfi til þeirra eru bundin því skilyrði, að leyfishafar hlíti ákvæðum þessarar greinar, sem er í samræmi við tilsvarendi ákvæði um síld samlagsmanna.

7. gr.

Atvinnumálaráðherra getur skipað tilsjónarmenn, einn eða tvo, að fengnum tillögum Alþýðusambands Íslands, til þess að fylgjast með störfum téðrar nefndar og Samlags íslenzkra matjessíldarframleiðenda, og hafa þeir aðgang að skjölum og reikningum nefndarinnar og samlagsins og rétt til að sitja á stjórnarfundum þess.

Dóknun tilsjónarmanna ákveður atvinnumálaráðherra og telst hún með kostnaði við störf nefndarinnar og greiðist af þeim 4% af andvirði allrar útfluttrar matjessíldar, sem um ræðir í 6. gr.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum allt að 25 kr. fyrir hverja heila tunnu léttverkaðrar saltsíldar, sem út er flutt eða seld úr landi án heimildar.

Með brot gegn reglugerð þessari skal fara sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. ágúst 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

um slátrun sauðfjár og verzlun með sauðfjárafurðir.

Samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim, útgefnum 9. ágúst 1934, eru hérmeð sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Kjötverðlagsnefnd getur ráðið fulltrúa, annaðhvort úr sínum hópi eða utan nefndar, til þess að annast dagleg störf. Kostnaður við skrifstofuhald svo og annar kostnaður við starf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.